

| |
|------------------|
| Umhverfisstofnun |
| Áb. _____ |
| 15. jan. 2014 |
| 8.6.2 |
| Tilv. _____ |

Ísfélag Vestmannaeyja - Þórshöfn
Eyrarvegi 16
680 Þórshöfn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. janúar 2014
Tilvísun: UST20131000001/abb

Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 16. desember sl. þar sem áformað er að áminna Ísfélag Vestmannaeyja - Þórshöfn vegna þess að hvorki hefur verið skilað inn til Umhverfisstofnunar staðfestingu á því að brennslu úrgangsolíu sé hætt hjá rekstraraðila né tímasettri úrbótaáætlun sbr. bréf stofnunarinnar dags. 5. september sl. Var rekstraraðila gefinn frestur til 31. desember sl. til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og skila inn gögnum. Enn hefur stofnuninni ekki borist ofangreind staðfesting né úrbótaáætlun vegna starfsemi rekstraraðila.

Umhverfisstofnun veitir Ísfélagi Vestmannaeyja - Þórshöfn áminningu, sbr. 26. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem rekstraraðili hefur hvorki skilað til Umhverfisstofnunar staðfestingu á að ekki verði brennd úrgangsolía hjá fyrirtækinu né úrbótaáætlun. Umhverfisstofnun veitir Ísfélagi Vestmannaeyja - Þórshöfn frest til úrbóta til og með 28. janúar 2014.

Sinni Ísfélag Vestmannaeyja - Þórshöfn ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að upphæð 500.000 kr á dag þar til úr er bætt, sbr. 27. gr. laga nr. 7/1998. Einnig getur stofnunin gripið til frekari aðgerða sbr. 3. tl. 1. mgr. sbr. 2. mgr. 26. gr. laga nr. 7/1998. Í 28. gr. sömu laga er heimild til skoðunar og eftirlits, þ. á. m. um töku sýna og myndatöku, og er eftirlitsskyldum aðilum skylt að veita allar upplýsingar og sýni sem nauðsynleg eru vegna eftirlitsins.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að áminning mun verða birt á vefsetri Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsetri sínu sjónarmið fyrirtækisins.


Umhverfisstofnun bendir á að skv. 31. gr. laga nr. 7/1998 er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skál kærán borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna. Aðsetur nefndarinnar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.


Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 446/2012, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings við verkefni og

Þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gjald fyrir vinnu sérfræðings verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Gögnum og staðfestingu skal skilað til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is

Virðingarfyllt


Agnar Bragi Bragason
Lögfræðingur


Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri